



LANDVERND

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2007

Umsögn Landverndar um frummatsskýrslu Norðuráls vegna álvers í Helguvík

Landvernd hefur farið yfir fyrirbyggjandi frummatsskýrslu Norðuráls vegna álvers í Helguvík. Skýrslan gefur þökkalega mynd af þeim umhverfisáhrifum sem hún fjallar um en því miður fjallar hún aðeins um lítið brot af þeim umhverfisáhrifum sem óhjákvæmilega myndu fylgja álveri í Helguvík.

Nánast ekkert er fjallað um orkuflutninga og virkjanir þó svo að þessir hlutar áformanna séu líklegir til þess að valda mestu umhverfisáhrifunum. Því telur Landvernd frummatsskýrsluna eina og sér alsendis ófullnægjandi til frekari málsmeðferðar og álitsgjafar af hálfu opinberra aðila og beinir því til Skipulagsstofnunar að fresta frekari málsmeðferð þar til frummatsskýrslur áformanna í heild sinni verða kynntar fyrir almenningi.

Í skýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir að virkja fjögur svæði, Seltún, Sandfell, Austurengjar og Trölladyngju. Þá verður um umtalsverðar framkvæmdir að ræða vegna raforkuflutninga um Strandaheiði, yfir Sveifluháls, Núpshlíðarháls og Móhálsadal. Þessar óhjákvæmilegu framkvæmdir hafa ekki farið í gegnum mat á umhverfisástandum. Í þessu ljósi getur Skipulagsstofnun ákveðið að umhverfisáhrif allra framkvæmdanna verði metin saman, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir:

„Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.“

Með samanburði á losunartölum áformaðs álvers í Helguvík við nýjasta álver á Íslandi kemur í ljós að mengun pr. framleitt tonn af áli yrði allt að 40% meiri í álveri Norðuráls en hjá álveri Alcoa á Reyðarfirði. Ekki er í frummatsskýrslunni útskýrt hversvegna áformað er að reisa álver sem mengar jafn mikið og raun ber vitni þegar ljóst má vera að hægt væri að gera mun betur ef vilji stæði til þess. Rétt er að framkvæmdaaðili skýri sjónarmið sín betur hvað þetta varðar áður en lengra er haldið.

Gerð er athugasemd við það að virkjunaráform á Krýsuvíkursvæðinu virðast ekki samræmast hugmyndafræði um sjálfbæra þróun. Á Orkuþingi 2006 kom fram að talið er að svæðin sem um ræðir geti gefið 15.100 MW_eár, sjá Sveinbjörn Björnsson Orkugeta jarðhita. Samkvæmt því myndi áformuð vinnsla á 400 MW þurrmjólka svæðin á 35 – 40 árum og síðan þyrfti að hvíla þau í all marga áratugi, e.t.v. 50 – 80 ár eða svo, komandi kynslóðum til óþrurftar. Með hóflegri nýtingu á umtalsvert minni orku væri hinsvegar hægt að nýta svæðin með sjálfbærum hætti en þá þyrfti að koma til hófsamari starfsemi hvað varðar orkunotkun.

Álit Skipulagsstofnunar ótímabært þar til heildarmyndin verður dregin fram

Í frummatsskýrslu Norðuráls er ekki fjallað um helstu umhverfisáhrifin sem fjalla þarf um áður en hægt er að taka afstöðu til álvers í Helguvík. Landvernd beinir því til Skipulagsstofnunar að gefa ekki út álit sitt framkvæmdinni fyrr en frummatsskýrslur um svokallaðar „*tengdar framkvæmdir*“ liggja fyrir. Þegar frummatsskýrslur fyrir þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að álver með 250.000 tonna framleiðslugetu geti risið í Helguvík liggja fyrir væri æskilegt að kynna áformin með heildstæðum hætti áður en álit fyrir einstaka þætti áformanna verða gefin út. Umfjöllun og álitsgjöf um einstaka hluta framkvæmdarinnar samræmist ekki lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og þeirri hugmyndafræði sem mat á umhverfisáhrifum áætlaða byggir á. Mikilvægt er að unnið sé þannig að markmiðum laganna verði náð og eitt þeirra er: „*að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, **starfsemi sem henni fylgir**, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,*“ Ekki fæst séð að hægt sé að ná þessu markmiði nema umhverfismat framkvæmdanna í heild sinni séu liggja fyrir. Þá liggur fyrir í málsgögnum, þ.m.t. frummatsskýrslu, að allir sem að málefni álbræðslunnar koma eru sammála um að orkuflutningar og virkjanir eru „*starfsemi sem henni fylgir*“.

Einnig ber í þessu samhengi að horfa til rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Með vísan í fyrri stjórnsýsluákvæðanir í skyldum málum, sbr. t.d. úrskurð umhverfisráðherra í kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, er ljóst að frestir sem veittir eru til málsmeðferðar í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru víkjandi þar til rannsóknarskyldu hins opinbera hefur verið fullnægt, sbr. einnig 34. gr. rgl. 1123/2005. Skipulagsstofnunar er því stætt á og ber skylda til að bíða með álitsgjöf þar til heildarmyndin verður dregin fram.

„Tengdar framkvæmdir“ – línumannvirki

Rannsóknir hafa sýnt að háspennulínur hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og útivistarfólks¹. Það er því fagnaðarefni að Sandgerði skuli hafa hafnað háspennulínunum um sitt land og þar með lagt sitt af mörkum til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af farmkvæmdum sem myndu fylgja álveri í Helguvík. Á mynd 11.4 er að finna kort sem sýnir agnar ögn af því þeim línuleiðum sem um yrði að ræða.



Smækkuð útgáfa af mynd 11.4 sem á að sýna „Mögulegar línuleiðir háspennulína að álverinu sem skoðaðar hafa verið.“ Ekki stendur til að virkja við Rauðamel eða Seltjörn eða á öðrum stöðum sem finna má á þessu korti. Þær línulagnir sem hér eru sýndar eru því eðli málsins gagnsáusar einar og sér. Ekki er hægt að fallast á umfjöllun af þessu tagi þar sem ætla verður að lína tengi saman virkjun og álver.

¹ Rögnvaldur Guðmundsson, *Gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist*, 2003.

Gögnin sem framkvæmdaaðili kýs að leggja fram eru ekki til þess fallin að „kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda“ sem er eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifun. sbr. d. lið 1. gr. Hér fylgir hér kort sem sýnir frumhugmyndir Landsnets um línuleiðir. Mikilvægt er að endanlegar tillögur Landsnets verði lagðar fram og kynntar fyrir almenningi áður en lengra er haldið.



Kortið sýnir frumhugmyndir Landsnets um línuleiðir, heimild Morgunblaðið 13. febrúar 2007.

Eins og sjá má á þessum frumhugmyndum þá myndu línulagnir gjörbreyta ásýnd og útivistargildi Reykjanesskagans. Meðal annars er þarna sett fram hugmynd um að tengja virkjun í Seltúni við virkjun í Trölladyngju með jarðstreng sem færi yfir Sveifluháls og Núpshlíðarháls auk þess sem hann myndi þvera Móhálsadal. Eftir því sem best verður að komist kallar jarðstrengur af þessu tagi á fyrirferðarmikinn veg meðfram allri leiðinni². Svo virðist sem umhverfisáhrif af þessum hluta framkvæmdarinnar, einum og sér, séu það mikil að full ástæða er til þess að falla frá hugmyndum um álver í Helguvík. Frekari málsmeðferð opinberra aðila, þ.m.t. útgáfa álitsgjöf Skipulagsstofnunar á fyrirbyggjandi frummataskýrslu, er því ótímabær og myndi brjóta í bága við markmið laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. a og d liði 1. gr:

a) „að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,“

² Reykjavík – Rauðimelur, Breyting á legu 220 kV háspennulínu, mat á umhverfisáhrifum, Línuhönnun maí 2005.

*b) „að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum **áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.**“*

Á íbúafundi sem nýlega var haldinn í Vogum var erinróma lagst gegn því að hápsennulínur yrðu lagðar um lönd sveitarfélagsins. Þessar hugmyndir Landsnets ganga því gegn vilja heimamanna. Á undanförnum misserum hefur verið lögð áhersla á að framvæmdir séu unnar í sátt við heimamenn en því yrði ekki að fagna á grundvelli þeirra hugmynda sem Landsnet hefur til þessa lagt fram. Ekki er ástæða fyrir Skipulagsstofnun að veita álit um álverið sjálft fyrr en ásættanlegar leiðir til orkuflutninga fá kynningu í lögformlegu mati á umhverfisáhrifum. Álitsgjöf um einstaka hluta verkefnisins, sem einir og sér eru óstarfhæfar einingar, er til þess fallin að setja óþarfa þrýsting á önnur sveitarfélög en þau sem eiga beina aðild að þeim hluta sem fjallað er um í matskýrslu Norðuráls. Eðlilegra er að allir íbúar allra sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli fái tækifæri til þess að skoða þær hliðar framkvæmdanna sem að þeim snúa á eigin forsendum og án þess að ótímabærar stjórnsýsluákvarðanir um einstaka hluta áformanna hafi verið teknar. Hér ber einnig að horfa til markmiða í lögum um umhverfismat áætlana.

„Tengdar framkvæmdir“ – orkuöflun

Á liðlega fimm blaðsíðum í 11. kafla frummatskýrslunnar er fjallað um „tengdar framkvæmdir“. Hluti þessara „tengdu framkvæmda“ eru líklegar til þess að valda umtalsverðu umhverfisraski sem ekki hefur verið lagt mat á með lögformlegu umhverfismati. Út frá sjónarmiðum náttúruverndar eru líkur á að sumar þessara framkvæmda muni hafa mun meiri umhverfisáhrif en álverið sjálft.


Í töflu 11.1 eru taldir upp 12 mögulegir virkjunarkostir en aðeins hefur verið lokið við umhverfismat fjögurra þeirra. Umhverfisáhrif hinna kostanna eru því alsendis óljós. Með vísan í það að í sumum tilfellum er um dýrmæt útivistarsvæði að ræða, sem sum hver eru lítt röskuð og að mestu eða öllu leyti mannvirkjalaus, er ástæða til þess að ætla að umhverfisáhrifin kunni að verða umtalsverð.

Landvernd æskir þess að Skipulagsstofnun sjái til þess að álverið og „tengdar framkvæmdir“, sem ekki hafa þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum, verði metnar í einu lagi. Með þeim hætti fæst heildstæð mynd af umhverfisáhrifum framkvæmdanna sem er nauðsynleg forsenda þess til þess að Skipulagsstofnun geti gefið út rökstutt álit og kynnt framkvæmdirnar með sómasamlegum hætti þannig að markmiðum laganna verði náð.

Ósjálfbær orkuvinnsla í andstöðu við yfirlýsta stefnu stjórnvalda

Á Krýsuvíkursvæðinu eru uppi hugmyndir um að virkja fjögur svæði, Seltún, Sandfell, Austurengjar og Trölladyngju. Umhverfismat fyrir þessar „tengdu framkvæmdir“ liggur ekki fyrir. Fram kemur að gert sé ráð fyrir því að á hverju svæði verði reist virkjun með 100 MW uppsettu afli. Ólíklegt er að á jafn liltu svæði og hér um ræðir sé með núverandi tækni hægt að virkja sem nemur 400 MW með sjálfbærum hætti. Talið er að svæðin sem um ræðir geti gefið 15.100 MW_{ár}, sjá Sveinbjörn Björnsson Orkugeta jarðhita, Orkuþing 2006. Samkvæmt því myndi áformuð vinnsla þurmmjólka svæðin á 35 – 40 árum.

Á Orkuþingi 2006 fjallaði Guðni Axelsson, ISOR, m.a. um ósjálfbæra vinnslu og skýringarmyndin hér að neðan, sem er tekin úr grein hans, sýnir í hvað gæti stefnt ef áform um álver ná fram að ganga. Guðni lýsir vinnslu af þessu tagi með eftirfarandi orðum: „Ágeng vinnsla (ekki sjálfbær) í nokkra áratugi (um 30 ár) með algjörum hléum, e.t.v. nokkru lengri en vinnslutímabilin (um 50 ár), þar sem jarðhitakerfið nær að jafna sig að verulegu leyti í hléunum.“



Mynd 2 úr grein Guðna Axelssonar „Hvernig á að meta sjálfbæra vinnslugetu jarðhitasvæða?“

Í sjálfbærri þróun á að uppfylla þarfir núlifandi kynslóða án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til þess að uppfylla sínar þarfir. Þetta felur í sér að „tímakvarði“ sjálfbærrar þróunar er „kynslóðir“ og því má ljóst vera að þurraustur auðlindar á einni kynslóð samræmist ekki þeirri hugmyndafræði sem Íslensk stjórnvöld hafa gert að stefnu sinni. Vinnsla í þessu mæli myndi, eftir því sem best verður að komist, kæla svæðin niður á fáeinum áratugum. Þó gjörnýtingin sé í hrópandi ósamræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar yrði hún Norðuráli að meinalausu hún því hún myndi eiga sér stað á u.þ.b. afskriftartíma fjárfestinganna í Helguvík, sbr. áður tilvitnað erindi Sveinbjörns Björnssonar.

Afhendingaröryggi raforku og starfsöryggi starfsmanna eru óþekktar stærðir


Fram kemur í frummatsskýrslunni að til standi að leggja jarðstreng frá Fitjum að álverinu í Helguvík. Ákvörðun um jarðstreng á þessum síðasta hluta leiðarinnar kemur í kjölfar þess að bæjarstjórn Sandgerðis lagðist gegn háspennulínunum um Stafnes og Ósabotna. Landvernd fagnar ákvörðun Sandgerðinga en bendir jafnframt á að jarðstrengur gefur tilefni til ítarlegri umfjöllunar um afhendingaröryggi á raforku og þar með starfsöryggi starfsmanna álversins.

Í meðfylgjandi grein úr Morgunblaðinu þann 13. febrúar s.l. var haft eftir framkvæmdastjóra Landsnets, Þórði Guðmundssyni, að aðeins háspennulínur uppfylli þær kröfur sem álver geri um afhendingaröryggi. Þórður segir m.a.: „Slík fyrirtæki [álver] þoli ekki nema nokkurra klukkutíma straumrof og gríðarlegir hagsmunir séu í húfi. Þannig öryggi sé ekki unnt að tryggja nema með loftlínunum. Það taki nokkra daga og upp undir hálfan mánuð að finna bilanir og gera við jarðstreng og vikur eða mánuði að finna bilanir og gera við sæstreng.“

Á bls. ii í frummatsskýrslunni segir: „Álver í Helguvík kæmi til með að skapa starfsfólki sínu starfsöryggi...“ Sambærilegar fullyrðingar um starfsöryggi er að finna á bls. 93 og 115. Í ljósi orða Þórðar má hinsvegar ljóst vera að meint starfsöryggi getur aldrei verið meira en sem nemur afhendingaröryggi raforkunnar. Í matsskýrslunni er, þrátt fyrir orð Þórðar um afhendingaröryggi jarðstrengja, ekki gerð áhættugreining á afhendingu orku til álversins. Ítrekaðar fullyrðingar um starfsöryggi eru því órökstuddar af hálfu skýrsluhöfunda.

Meiri mengun og besta fáanlega tækni, öfugmæli eða orðaleikur? Skýringar óskast.

Með samanburði á tölulegum upplýsingum úr matsskýrslum fyrir álverið í Helguvík og nýlegt álver Alcoa á Reyðarfirði kemur í ljós að losun flúoríða og brennisteinsdíoxíðs pr. framleitt tonn af áli yrði umtalsvert meiri í Helguvík en á Reyðarfirði. Ekki er í skýrslunni gerð grein fyrir því hversvegna losun mengandi efna verður jafn mikil. Í skýrslunni kemur fram að Norðurál hyggist nota bestu fáanlegu tækni til mengunarvarna. Engu að síður yrði losun umræddra efna 35-40% meiri en losun í nýlegu álveri á Reyðarfirði. Hér hljóta menn að spyrja sig hvað er átt við með bestu fáanlegu tækni.



Gröfin sýna losun flúoríða og brennisteinsoxíðs pr. framleitt tonn af áli.

Mikilvægt er að stofnanir hins opinbera sveipi hulunni af þessum orðaleik og upplýsi með skýrum hætti á mannamáli þannig að öllum almenningi verði ljóst hvað í raun er átt við með hugtakinu „besta fáanlega tækni“. Á næstu blaðsíðu er gerð tilraun til þess að varpa ljósi á mekingu hugtaksins eins og það hefur verið túlkað innan stjórnsýslunnar til þessa. Mikilvægt er að Skipulagsstofnun leggi sitt af mörkum til þess að útskýra fyrir almenningi hvað í raun og veru er átt við með „bestu fáanlegu tækni“ til þess að umræðan geti farið fram á eðlilegum grunni, eins og nánar er vikið að á næstu blaðsíðu.

Besta fáanlega tækni

Í fyrirlestrum sem talsmenn Landverndar hafa staðið fyrir að undanfögnu hefur verið reynt að skýra fyrir áheyrendum hvað raunverulega felst í orðunum „besta fáanlega tækni“ og niðurstaða okkar er sú að „besta fáanlega tækni“ þarf ekki að vera best í hefðbundinni merkingu þess orðs. Raunmerkingu hugtaksins „besta fáanlega tækni“ eins og það hefur verið túlkað á Íslandi til þessa er best lýst með setningunni hér að neðan:

„Besta fáanlega tækni hverju sinni er ódýrasta lausnin sem tilgreind er í BAT skýrslum og tryggir að ekki verði farið yfir umhverfismörk utan þynningarsvæðis.“

Besta fáanlega tækni – hvað er nú það? – lögboðin krafa • Það er lögboðin krafa að nota bestu fáanlegu tækni, sbr. lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um strafsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.	Fimm lykil skilgreiningar í mengunarvarnalöggjöf á Íslandi Besta fáanlega tækni er framleiðsluáferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluáferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluáferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með bestu er átt við virkustu áferðina til að vernda alla þætti umhverfisins. Sambættar mengunarvarnir áferð þar sem sambættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatni eða jarðveg og stuðla að viðtekri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun ferist á milli lofts, láds og lagar. Umhverfismörk eru mörk sem óheimilt er að fara yfir í tilteknu umhverfi á tilteknum tíma og sett eru til að takmarka mengun umhverfis á grundsvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess. Losunarmörk eru mörk fyrir leyfilega losun, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar bevar. Þynningarsvæði er hluti víðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvaði starfsleyfis kvæði á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.
Samhengi hugtakanna • Losunarmörk eru losunarheimildir fyrirtækjanna, sem tilgreind eru í starfsleyfi, þau eiga að vera þannig að styrkur mengandi efna fari ekki yfir umhverfismörk utan þynningarsvæðis. Beita skal bestu fáanlegu tækni til þessa og við val á búnaði skal huga að ákvæðum reglugerða um sambættar mengunarvarnir.	Besta fáanlega tækni – skilgreining laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir – • Besta fáanlega tækni er framleiðsluáferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluáferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluáferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með bestu er átt við virkustu áferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.
Besta fáanlega tækni – hvað er nú það? – • Besta fáanlega tækni er skilgreind í BAT skýrslum sem gefnar eru út af alþjóðlegum stofnunum, s.s. OSPAR, og af umhverfisyfirvöldum í samvinnu við viðkomandi iðngrein. • Í BAT skýrslum eru tíundaðar fjölmargar tæknilegar lausnir og búnaður sem yfirvöld og viðkomandi iðngrein hafa komist að samkomulagi um að skilgreina sem BAT.	Besta fáanlega tækni – Á mannamáli – • Þarf EKKI að vera BEST í hefðbundinni merkingu þess orðs. • <i>„Besta fáanlega tækni hverju sinni er ódýrasta lausnin sem tilgreind er í BAT skýrslum og tryggir að ekki verði farið yfir umhverfismörk utan þynningarsvæðis.“</i> – Skilgreining á mannamáli BS.

Algengt er að talsmenn uppbyggingu stóriðjunnar noti hugtakið „besta fáanlega tækni“ til þess að slá ryki í augu almennings sem gjarnan trúir því að með skilgreiningunni sér raunverulega verið að vísa í það sem hefðbundin merking orðanna þriggja gefur til kynna. Mikilvægt er að Skipulagsstofnun útskýri á mannamáli hvað raunverulega felst í þessum orðum og komi þannig í veg fyrir orðaleiki sem eru til þess fallnir að rugla almenning í ríminu.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Athygli vekur að hvergi í skýrslunni er vísað til stefnu stjórnvalda, sem staðfest var með lögum um losun gróðurhúsalofttegunda sem samþykkt voru þann 28. mars s.l. En eðlilegt hefði verið að vísa til þeirra í töflu 2.1 í kaflanum sem ber yfirskriftina „lög og reglugerðir og viðkomandi stjórnsýsluaðilar“ en með þeim lögum var mörkuð stefna stjórnvalda í loftslagsmálum.

Nálgun Norðuráls í umfjöllun um losun gróðurhúsalofttegunda markast í orðum sem koma fram í samantekt skýrslunnar, þar segir m.a;

„Fyrirhugað álver mun losa 365.000 t/ári af CO₂ og um 35.000 t/ári af CO₂ ígildum (flúorkolefnum). Álverið fellur undir íslenska ákvæði Kyoto-bókunarinnar og samræmist stefnu íslenskra stjórnvalda um útstreymi gróðurhúsalofttegunda.“

sbr. einnig umfjöllun í 10. kafla skýrslunnar.

Í skýrslunni virðist gengið út frá því sem vísu að heimildir til losunar fáiast á grundvelli íslenska ákvæðisins. Hvort þessi forsenda gangi eftir er alsendis óljóst. Við úthlutun ber m.a. að horfa til þess hve langt verkefni eru á veg komin. Í ljósi þess að ekki hefur farið fram umhverfismat fyrir þær virkjanir sem einna helst er horft til, þ.e.a.s. jarðvarmavirkjanir á Krýsuvúrsvæðinu, og heldur ekki fyrir umdeildar línuleiðir virðist verkefni Norðuráls ekki eins langt á veg komið og stundum hefur verið haldið fram af talsmönnum framkvæmdanna.

Með vinsemd og virðingu,

Bergur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Landverndar